

ingsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 krónur til hvors þeirra.

Mánudaginn 23. aprilmán.

Nr. 56/1887.

Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn

Þorleifi Jónssyni.

D ó m u r :

Síðastliðið haust höfðaði bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson, áfrýjandinn í sök þessari, mál á móti hinum stefnda, ritstjóra Þorleifi Jónssyni, fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar út af grein í „Þjóðólfi“ XXXIX. árgangs 17. tölubl., er út kom 22. aprilmán. f. á., en grein þessa taldi Kr. Ó. Þorgrímsson meidandi fyrir sig. Málið kom fyrst fyrir bæjarþingsrjettinn hinn 22. sept. f. á., en eftir liðlega mánuð eða hinn 27. okt. næst á eftir heimtaði sækjandi, að það væri hafð. Stefndi heimtaði sjer þá endurgoldinn allan þann kostnað að skaðlausu, er leitt hefði af málinu fyrir hann, svo og bætur fyrir ómök og tímatöf út af því, og lagði þá jafnframt fram sundurliðaðan reikning yfir kostnaðinn og ómakslaunin, að upphæð 76 kr. 62 au. Þó að sækjandi þá þegar mótmælti reikningnum að nokkru leyti, var hann þó með dómi bæjarþingsrjettarins, uppkveðnum 10. nóv. f. á., skyldaður til að greiða stefnda nýnefnda upphæð, um leið og dæmt var, að málið skyldi hafð vera. Dómi þessum hefur bóksali Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 28. nóv. f. á., og krafizt þess fyrst og fremst, að hann verði al-

gjörlega sýknaður af málskostnaðarkröfum hins stefnda, en geti það eigi orðið, að hann þá að eins verði dæmdur til að borga hæfilega upphæð eptir mati rjettarins, eigi meira en 10 kr., í þessu skyni til stefnda, svo og að stefndi, hvernig sem fer, verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn eru það kröfur hins stefnda, ritstjóra Þorleifs Jónssonar, að málinu verði vísað frá rjettinum, eða að öðrum kosti að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 68 kr.

Frávísunarástæða hins stefnda er sú, að mjög mikið vanti í undirrjettardómsgjörðir þær, sem áfrýjandi hefur fram lagt, og að fyrir því sje eigi unnt að fá af þeim ljósa hugmynd um deilu-efnið. Það sem þannig tjáist vanta í dómsgjörðirnar, virðist að eins vera eptirrit af vitnaleiðslu, sem hinn stefndi ljet fram fara í hjeradi, og ætlaði að nota í aðalmálinu. Það verður nú eigi álitid, að áfrýjanda hafi verið skylt, að láta eptirrit af þessari vitnaleiðslu fylgja dómsgjörðunum í máli því, sem hann hefur áfrýjað, og eigi virðist það svo lagað, að fyrir þessa skuld sje eigi unnt að leggja dóm á það, eins og það nú liggur fyrir yfirdóminum. Krafa um frávísun verður því ekki tekin til greina.

Þegar hinn stefndi lagði fram málskostnaðarreikning sinn fyrir undirrjettinum hinn 27. okt. f. á., mótmælti áfrýjandi honum þá þegar með þeim ummælum, að sjer gæti eigi betur fundizt, en að reikningurinn væri að vissu leyti óhæfilega hár, einkum borgun til málaflutningsmanns, borgun fyrir ritföng, og

borgun til stefnda sjálfs fyrir að mæta í rjettinum. Þessi ummæli áfrýjanda um málskostnaðarreikninginn verður að skilja á þá leið, að hann hafi samþykkt allar upphæðir hans, samtals 26 kr. 62 auro, nema hinar þrjár tilgreindu, og að hann hafi skotið því til rjettarins, að ákveða upphæð þeirra, eða eptir atvikum fella þær alveg burtu. Þó að hinn stefndi hafi krafizt endurgjalds á málskostnaðinum að skaðlausu eptir reikningi, og þó að á það verði að fallast, að honum beri endurgjald alls þess kostnaðar, sem leiddi af málinu fyrir hann í hjeradi, svo og hæfileg þóknun fyrir ómök hans og fyrirhöfn, þá heyrir það þó undir mat rjettarins, hvað sje hæfilegt og sanngjarnt endurgjald í þessu skyni, úr því að málsaðilar eigi verða á eitt sáttir um það. Fyrsti reikningsliðurinn, sem málsaðila skilur á um, eru 20 kr. til stefnda „fyrir að mæta 5 sinnum á bæjarþingi Reykjavíkur“, og verður að samþykkja hann sem edlilegan og hæfilegan. Þar á móti verður eigi samþykktur annar reikningsliðurinn, sem er deilu-efni, sem sje 10 kr. fyrir „ritföng, skriptir, tímatöf við þær og fleiri ómök“, því að bæði virðist þessi reikningsliður, skoðaður út af fyrir sig, mjög hár, og að öðru leyti hefur tillit verið tekið til hans, þegar samþykktur var næstundanfarandi reikningspóstur; hin síðasta reikningsupphæðin, sem málsaðilar hafa eigi orðið ásáttir um, nefnil. 20 kr. til málsfærslumanns fyrir ráðleggingar, virðist of há, og þykir eptir sanngjarnri venju hæfilega ákveðin 10 kr., sjerstaklega þegar þess er gætt, að málið ber það með sjer, að þetta á að vera borgun fyrir *munnlegar* ráðleggingar eingöngu. Samkvæmt ofanrituðu verður að breyta hinum áfrýjanda

dómi þannig, að áfrýjanda gjörist að greiða stefnda að eins 56 kr. 62 au. Eptir þessum úrslitum málsins á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Kr. Ó. Þorgrímsson, greiði stefnda, Þorleifi Jónssyni, 56 kr. 62 aura. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. aprílmán.

Nr. 50/1887.

Bjarni Bjarnason

gegn

Guðmundi Sigurbjartssyni og
sýslumanni Lárusi Þ. Blöndal.

D ó m u r :

Eptir að ágreiningur var kominn upp milli áfrýjanda máls þessa, Bjarna bónda Bjarnasonar á Umsvölum, og Björns bónda Benidiktssonar Blöndal út af kýrkaupum, er áttu að hafa gjörzt milli þeirra vorið 1886, höfðaði hinn síðarnefndi mál á móti Bjarna Bjarnasyni fyrir aukarjetti Húnavatnssýslu, og var því ráðið til lykta með dómi tjeðs rjettar, uppkveðnum hinn 18. dag janúarmán. 1887, á þá leið að Bjarni Bjarnason skyldi greiða Birni B. Blöndal andvirði kýrinnar 60 kr., 5⁰/₁₀ vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, 4 kr. fyrir hirðingu og hagatoll fyrir kúna, og 200 kr. í málskostnað.